


Greinargerð með ársreikningi KSÍ 2025

Rekstrartekjur KSÍ

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2025 voru rúmlega 2,3 milljarðar kr. sem er 13% hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.




Tekjur ársins 2025 skiptast sem hér segir:



Helstu liðir í rekstrartekjum KSÍ:

Styrkir og framlög (64% af tekjum KSÍ)

Styrkir og framlög ársins 2025 voru 1.501.566.317 kr. sem skiptast sem hér segir:



- Framlög UEFA árið 2025 voru rúmar 872 m. kr. (58% af styrkjum og framlögum, 37% af tekjum) en inni í þeirri upphæð eru til dæmis greiðslur vegna reksturs, framlög til landsliða, innleiðingar ýmissa gæðastaðla (góðir stjórnunarhættir, dómarasáttmáli UEFA, þjálfarasáttmáli UEFA, styrkir vegna einstakra verkefna og endurgreiðsla vegna uppihalds erlendra dómara á Íslandi, svo eitthvað sé nefnt). Framlagið frá UEFA var 27% hærra en áætlanir gerðu ráð fyrir vegna framlags til A-landsliðs kvenna á Evrópumóti 2025 í Sviss.

Hat Trick framlög (EUR)	Raun 2025	Áætlun 2025
Almennur rekstur	1.000.000	1.000.000
Þátttaka í mótum og innleiðing UEFA staðla	1.935.000	1.935.000
EM kvenna	2.011.000	0
Önnur verkefni	981.228	1.762.000
	5.927.228	4.697.000

- Framlög frá FIFA voru rúmar 330 m.kr. á síðasta ári (22% af styrkjum og framlögum, 14% af tekjum). Inni í þeirri upphæð eru 62,6 m.kr. sérstakir styrkir einungis til notkunar á vísinda- og þróunarsviði KSÍ (Technical Development Scheme). Slíkir styrkir eru eingöngu greiddir á móti útlögðum kostnaði sem þýðir að umræddar tekjur eru skilyrtar að fullu.

FIFA Forward framlög (USD)	Raun 2025	Áætlun 2025
Almennur rekstur	1.250.000	1.250.000
TDS og önnur verkefni	1.262.000	900.000
	2.512.000	2.150.000

- Ýmsir styrkir námu rúmum 195 m.kr., en á bak við þessi framlög eru m.a. samningar við innlenda samstarfsaðila og PUMA.
- Árið 2025 fékk KSÍ rúmar 42 m.kr. í lottótekjur, 10 m.kr. í útbreiðslustyrk og tæpar 5 m.kr. í ríkisstyrk í gegnum ÍSÍ, alls 57 m.kr..
- KSÍ fékk úthlutaðar 24,6 m.kr. úr afrekssjóði ÍSÍ sbr. eftirfarandi:
<https://isi.is/frettir/frett/2025/02/18/ISI-uthlutar-taepum-300-m.kr.-i-afreksstarfsambanda/>
- Þá fékk KSÍ rúmar 20 m.kr. frá Íslenskum getraunum.

Tekjur af landsleikjum (6,3% af tekjum KSÍ)

Tekjur af landsleikjum eru tilkomnar vegna miðasölu á heimaleikjum landsliða Íslands (A karla, A kvenna og U21 karla) og tekjum vegna landsleikja erlendis, og námu rúmlega 149 m.kr. árið 2025.

Miðasala á A-landsleiki karla jókst á milli ára. Uppselt var á október leikina þegar að Úkraína og Frakkland spiluðu á Laugardalsvelli. Aftur á móti voru tekjur vegna miðasölu á A-landsleiki kvenna lægri en áætlað var og má rekja það til framkvæmda við endurnýjun yfirborðs leikvallar á Laugardalsvelli. Færa þurfti þrjá leiki af Laugardalsvelli yfir á Þróttarvöll sem tekur færri áhorfendur í stúku.

Árið 2025 var nýtt miðasölukerfi KSÍ tekið í gagnid í samstarfi við Secutix. Þetta er stafræn lausn þar sem miðakaupendur fá miðana senda í smáforrit, en um er að ræða sama kerfi og UEFA notar fyrir sína miðasölu. Þar geta notendur nálgast alla sína miða og áframsent á milli síma með einföldum hætti. Þetta kerfi býður einnig upp á lausnir í samskiptum við notendur á leikdag.

Sjónvarpsréttur (18,7% af tekjum KSÍ)

Markaðsréttindi, sem að stórum hluta til er sjónvarpsréttur, eru 18,7% af heildartekjum KSÍ. KSÍ hefur um árabil framselt markaðsréttindi A landsliðs karla til UEFA þar sem þau eru seld heildstætt, sem hluti af mun stærri pakka (UEFA Centralization of Rights). Þetta fyrirkomulag tryggir KSÍ fyrirfram talsverðar tekjur þar sem UEFA skuldbindur sig til að greiða ákveðna lágmarksupphæð. Núverandi samningur við UEFA gildir frá júlí 2022 til júní 2028. UEFA greiðir KSÍ 17 milljónir evra fyrir tímabilið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þ.á.m. að KSÍ er skuldbundið til að leika 10 leiki á ári á því tímabili. Þegar um landsleiki erlendis (vináttuleiki) er að ræða ber KSÍ enn fremur í sumum tilfellum ábyrgð á því að viðkomandi leikur sé framleiddur fyrir sjónvarp með þeim kostnaði sem því fylgir.

Alls voru tekjur af sölu markaðsréttar KSÍ árið 2025 438 m.kr., þar af voru tekjur vegna A landsliðs karla 418 m.kr. eða 95% af tekjunum.

Aðrar rekstrartekjur (7,0% af tekjum KSÍ)

Aðrar rekstrartekjur voru 164 m.kr. árið 2025. Árlega falla hér undir greiðslur vegna fræðslumála (til dæmis námskeiðsgjöld), mótamála (til dæmis greiðslur félaga vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara og þáttökugjöld), erlendra leyfisgreiðslna og vegna viðburða og húsaleigu.

Innheimta á ferða- og upphaldskostnaði dómara var endurvakin árið 2023 eftir 15 ára hlé. Árið 2008 tók KSÍ þá ákvörðun að létta tímabundið álögum á aðildarfélögum KSÍ með því að taka yfir allan ferða- og upphaldskostnað dómara, sem er skv. gildandi ákvæði í reglugerð KSÍ um að aðildarfélög greiði ferða- og upphaldskostnað dómara. Þáttökugjöld í Íslandsmóti, Lengjubikar, Mjólkurbikar, bikarkeppni neðri deilda og Futsal, auk ferða- og upphaldskostnaði dómara var rúmlega 43 m.kr. árið 2025.

Ferða og upphaldskostnaður dómara	2008	Núvirði	2023	2024	2025
	<i>Per lið</i>	<i>Per lið</i>	<i>Per lið</i>	<i>Per lið</i>	<i>Per lið</i>
Íslandsmót - Besta deild karla	330.000	739.200	75.000	150.000	210.000
Íslandsmót - Lengjudeild karla	385.000	862.400	75.000	135.000	190.000
Íslandsmót - Besta deild kvenna	180.000	403.200	75.000	120.000	170.000
Íslandsmót - Lengjudeild kvenna			75.000	100.000	140.000
Íslandsmót - 2. deild karla	330.000	739.200	75.000	100.000	140.000
Íslandsmót - 3. deild karla			75.000	85.000	120.000
Íslandsmót - 2. deild kvenna			75.000	85.000	120.000
4. deild karla			75.000	85.000	120.000
5.deild karla			37.500	55.000	80.000
Utandeild					80.000


Þáttökugjöld í Íslandsmóti	2023	2024	2025
Íslandsmót - Besta deild karla	100.000	110.000	120.000
Íslandsmót - Lengjudeild karla	100.000	110.000	120.000
Íslandsmót - Besta deild kvenna	100.000	110.000	120.000
Íslandsmót - Lengjudeild kvenna	100.000	110.000	120.000
Íslandsmót - 2. deild karla	100.000	110.000	120.000
Íslandsmót - 3. deild karla	100.000	110.000	120.000
Íslandsmót - 2. deild kvenna	100.000	110.000	120.000
4. deild karla	100.000	110.000	120.000
5.deild karla	100.000	110.000	120.000
Utandeild	100.000	110.000	120.000

Rekstrartekjur Laugardalsvallar (4,1% af tekjum KSÍ)


Rekstrartekjur Laugardalsvallar voru um 96 m.kr. og samanstanda af rekstrarframlagi frá Reykjavíkurborg, vallarleigu, tekjum vegna veitingasölu og loks öðrum viðburðum. Tekjur Laugardalsvallar voru um 16 m.kr. hærri en áætlað var og eru helstu frávikin þar vegna leikja Breiðabliks í Sambandsdeildinni, en kostnaðurinn við leikina kemur á móti.

Rekstrargjöld KSÍ

Rekstrargjöld ársins 2025 voru um 2,24 milljarðar kr., eða 14% yfir áætlun.



Gjöld ársins 2025 skiptast sem hér segir:



Kostnaður við landslið (49,4% af gjöldum KSÍ).

Heildarkostnaður landsliða árið 2025 var 1.108 m.kr. eða 159 m.kr yfir áætlun.

	Raun 2025	Áætlun 2025	Raun 2024
A-landslið karla	309.995.604	325.208.220	342.105.213
U-21 landslið karla	70.983.088	88.379.138	69.494.768
U-19 landslið karla	36.266.262	46.543.545	37.470.023
U-17 landslið karla	49.149.261	47.185.445	55.884.032
A-landslið kvenna	417.795.604	234.200.650	241.926.548
U-23 landslið kvenna	3.220.626	7.936.000	4.543.937
U-19 landslið kvenna	43.498.026	43.402.675	38.684.310
U-17 landslið kvenna	48.508.386	52.686.615	44.081.476
TDS - vísinda og þróunarsvið*	62.680.287	38.267.787	30.868.213
Hæfileikamótun**	34.402.760	39.873.728	28.626.801
Sameiginlegur landsliðskostnaður***	32.386.020	25.820.000	39.918.559
	1.108.885.924	949.503.802	933.603.880

*TDS er sérstakur styrkur frá FIFA til að efla framþróun í landsliðum, sérstaklega á sviði þróunar og vísinda.

**Landslið Íslands í aldursflokki karla og kvenna yngri en 15 ára eru einnig undir hæfileikamótun KSÍ.

***Það sem flokkast undir sameiginlegan landsliðskostnað er allt sem snýr að tölvubúnaði fyrir landsliðin, þvotti, fræðslu og öðrum búnaði sem landsliðin deila sín á milli.

Árangurstengd frávik:

- Kostnaður við Evrópukeppni A-kvenna í Sviss var 229 m.kr. Rekstraráætlun KSÍ fyrir árið 2025 innihélt ekki kostnað við stórmót, eins og áður hefur verið gert með fyrri lokakeppni A-liða karla og kvenna.

Evrópukeppni landsliða kvenna 2025 í Sviss	2025 raun
Tekjur	289.829.770
Gjöld	228.733.529
Hagnaður vegna Evrópukeppni landsliða 2025	61.096.241

Önnur frávik landsliða:

- A-karla spilaði 10 leiki árið 2025 í stað 12 árið 2024, þar af var einn heimaleikur spilaður í Murcia á Spáni vegna framkvæmda á Laugardalsvelli.

- Ekki var farið í vináttuverkefni A-karla í janúar og A-kvenna í nóvember árið 2025 eins og árið 2024. Sú ákvörðun var tekin á fjárhagslegum forsendum út frá þeim forsendum sem lágu fyrir við vinnslu áætlunar 2025.
- Kostnaður við U21 karla var um 20% lægri en áætlað var. Ólafur Ingi Skúlason þjálfari hætti í lok október og færði sig yfir í Breiðablik. Þá var ferðakostnaður liðsins lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Ferðakostnaður U19 karla var 43% lægri en áætlaður var, þá sérstaklega vegna vináttuleikja í Englandi sem reyndust mjög hagstæðir.
- TDS (Technical Development Scheme) kostnaður var áætlaður bæði tekju- og gjaldamegin í 38 m.kr. en framlagið sem kom vegna TDS var um það bil tvöfalt hærra, eða 62 m.kr. TDS styrkurinn var að hluta til nýttur í verkefni yngri landsliða þar sem að vísinda og þróunarsviðið tvinnast þar inn.
- Styrking krónunnar á móti evru og dollara hafði einnig áhrif á lægri raunkostnað miðað við áætlun 2025.

Mótakostnaður (13,5% af gjöldum KSÍ).

Kostnaður við mótahald KSÍ var áætlaður rúmar 292 m.kr. árið 2025 en endaði í 303 m.kr.


Undanfarin ár hefur leikjum í mótum á vegum KSÍ fjölgað jafnt og þétt. Á árinu 2025 voru leiknir 6.195 KSÍ leikir (Íslandsmót, meistarakeppni, bikarkeppni, deildarbikar, landsleikir), sem er næst fjölmennasta leikjaár í sögu KSÍ. Árið 2024 voru leiknir 6.396 leikir sem er met. Fækkunin á milli ára var helst í 5. flokki karla og kvenna. Alls tóku 774 keppnislið aðildarfélagar þátt í mótum á vegum KSÍ á árinu sem leið: 519 lið karla og 255 lið kvenna.

Heildardómarakostnaður KSÍ á árinu 2025 var 243 m.kr. Þess ber að geta að inni í þessari tölu eru til dæmis ekki laun starfsmanna mótamála á skrifstofu KSÍ né annar skrifstofukostnaður tengdur umsýslu mótamála. Af heildarkostnaði við dómara greiddu aðildarfélög KSÍ um 43 m.kr. í þátttökugjöld og ferða- og uppihaldskostnað dómara, sem er 17,9% af dómarakostnaði.

UEFA greiðir árlega 100 þúsund evrur til KSÍ vegna dómaramála í gegnum UEFA HatTrick styrkjakerfið. Til þess að hljóta fulla greiðslu þarf KSÍ að standast þá gæðastaðla sem koma fram í dómarasáttmála UEFA (UEFA Referee Convention). Í dómarasáttmálanum eru ýmsar kröfur útlistaðar, og snúa meðal annars að skipan og skyldum dómaranefndar og skipulagi dómaramála almennt, launuðum starfsmönnum dómaramála og þeirra verkefnum, menntun og þjálfun dómara og starfsmanna dómaramála, og að sá búnaður sem dómarar noti standist gæðakröfur.

Árið 2025 toppaði fjöldi í mönnun dómarastarfa á KSÍ leiki. Árið 2024 var áður metár með 5.388 dómarastörf, en árið 2025 fóru þau í 5.458 störf.

Dómarakostnaður	2025	2024	2023	2022
Dómaralaun og launatengd gjöld	191.363.163	189.526.905	180.721.452	162.328.010
Flug, hótél og bílaleigubílar dómara	25.256.910	27.549.286	22.105.483	19.467.292
Annar dómarakostnaður	26.484.907	25.121.841	12.644.191	18.185.586
	243.104.980	242.198.032	215.471.126	199.980.888



Fræðslukostnaður (4,0% af gjöldum KSÍ).

Kostnaður við fræðslumál var 89 m.kr. eða 14 m.kr. yfir áætlun. Hærri tekjur komu á móti þessum aukna kostnaði. Inni í fræðslukostnaði eru meðal annars laun og verktakagreiðslur kennara, landshlutaverkefnið „Komdu í fótbolta með Mola“, grasrótarstarf og samfélagsleg verkefni. Umfangsmesta samfélagslega verkefnið sem við fórum í árið 2025 var „Tæklum tilfinningar“ með Berginu. Bergið er stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir fólk yngra en 25 ára. Leikmenn, þjálfarar og dómarar aðildarfélagi KSÍ fengu fræðslu um hvernig ungt fólk getur tekist á við hin ýmsu verkefni og vandamál.

Skrifstofu og rekstrarkostnaður (20,6% af gjöldum KSÍ).

Skrifstofu- og rekstrarkostnaður var áætlaður tæpar 440 m.kr. en niðurstaða ársins var 462 m.kr.

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	Raun 2025	Áætlun 2025	Breyting
Laun og launatengd gjöld	341.503.033	336.294.775	5.208.258
Annar starfsmannakostnaður	6.403.443	7.000.000	-596.557
Sími, internet, pappír, prentun og ritföng	7.843.340	7.700.000	143.340
Rekstrarkostnaður tölva og tækja	33.561.184	25.000.000	8.561.184
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	18.539.984	20.200.000	-1.660.016
Ráðstefnur og fundir innanlands/erlendis	28.647.718	24.000.000	4.647.718
Árþing	8.071.678	7.500.000	571.678
Styrkir, framlög og gjafir	3.955.227	5.000.000	-1.044.773
Árgjald UEFA og FIFA	0	80.000	-80.000
Annar skrifstofu- og rekstrarkostnaður	8.702.649	7.500.000	1.202.649
Varúðarniðurfærsla krafna, breyting	4.860.558	0	4.860.558
	462.088.814	440.274.775	21.814.039

- Stærstu frávikin í þessum lið er kostnaður við rekstur tölvukerfa. KSÍ fór í nýtt mótakerfi og opnaði nýja heimasíðu árið 2025. KSÍ var að greiða fyrir rekstur á eldra kerfi sem á að detta út um mitt árið 2026.
- Laun og annar starfsmannakostnaður er 4,6 m.kr. yfir áætlun ársins og inni í þeirri tölu liggur skuldbinding upp á tæpar 4 m.kr. í uppsöfnuðu orlofi.
- Fundakostnaður fór 4,6 m.kr. fram úr áætlun. Þar fór Norðurlandafundur formanna og framkvæmdastjóra fram úr áætlun, gert var ráð fyrir að um 40 manns myndu sækja fundinn en sú tala endaði í 80.
- Varúðarniðurfærsla ógreiddra krafna var færð niður um 4,8 m.kr. Annar skrifstofu- og rekstrarkostnaður fór 1,2 m.kr. fram úr áætlun.
- Kostnaður við árþing KSÍ fór 0,5 m.kr. fram úr áætlun.

Húsnæðiskostnaður (3,3% af gjöldum KSÍ).

Húsnæðiskostnaður árið 2025 er óvenju hár. Þar sem heildarkostnaður við framkvæmd á nýju Hybrid grasi Laugardalsvallar og tengdum framkvæmdum endaði í 538,6 m.kr. og Reykjavíkurborg og Fjársýsla ríkisins komu með sitthvorum 250 m.kr., þá stóðu eftir 38,6 m.kr. hjá KSÍ. Þetta er gjaldfært að fullu árið 2025. KSÍ gerir ráð fyrir því að fá 21 m.kr. til baka af þeirri fjárhæð.

Rekstrarkostnaður Laugardalsvallar (6,4% af gjöldum KSÍ).

Rekstrarkostnaður Laugardalsvallar var 144 m.kr. og fór 22,5 m.kr. yfir áætlun árið 2025.

Laugardalsvöllur er búinn að vera rekinn með tapi í mörg ár. Áhrif hans í samstæðureikningi KSÍ eru 47,8 m.kr. tap.

Rafmagnskostnaðurinn fór 8,7 m.kr. yfir áætlun. Nú eru þrjú ár síðan Veitur settu Laugardalsvöll í hærri verðflokk og bættu við nýju aflgjaldi. Árið 2021 var Laugardalsvöllur að greiða 9,4 m.kr. í rafmagn á meðan að rafmagnskostnaðurinn í ár var tæpar 21 m.kr. Önnur frávik á Laugardalsvelli tengjast kostnaði við leiki Breiðabliks í Sambandsdeildinni og þar kom inn vallarleiga á móti kostnaði.

Samtal KSÍ og Reykjavíkurborgar á vettvangi Þjóðarleikvangs ehf er nú þegar hafið og er það skýr ásetningur forsvaraðila KSÍ að nýr þjónustu- og rekstrarsamningur endurspegli breytt fyrirkomulag á Laugardalsvelli með nýjum upphituðum velli.

Framlög til aðildarfélaga

- Alls var um 107 m.kr. úthlutað til aðildarfélaga en áætlun gerði ráð fyrir 96 m.kr. Að auki bættist við 9 m.kr. úr Mannvirkjasjóði sem átti eftir að klára úr sjóðnum frá fyrra tímabili.
- KSÍ greiddi 34,6 m.kr. til aðildarfélaga (annarra en þeirra sem léku í Bestu deild karla) vegna þróunarstarfs barna- og unglinga.
- Félögin í Bestu deild karla fengu sérstakt framlag frá UEFA vegna þróunarstarfs í knattspyrnu (Club Youth Development) að fjárhæð 397 m.kr.
- Þá fengu átta félög í Bestu deild kvenna (sem tóku ekki þátt í Evrópukeppni) einnig framlag frá UEFA, að fjárhæð 12,8 m.kr.
- Þess utan greiddi KSÍ félögum í leyfiskerfinu 20,5 m.kr.
- Spiideo myndavélar fyrir 2.deild karla og kvenna, ferðaþátttökugjald, verðlaunafé og sjónvarpsgreiðslur vegna Mjólkurbikars, samtals að fjárhæð 51,9 m.kr.

Samantekt

- Rekstrartekjur KSÍ árið 2025 námu rúmlega 2,3 milljörðum króna, 13% umfram áætlun, þar sem styrkir frá UEFA og FIFA vógu þyngst.
- Rekstrargjöld voru 2,24 milljarðar króna, eða 14% yfir áætlun, þar sem kostnaður við lokamót EM kvenna er helsti áhrifaþátturinn.
- Rekstur Laugardalsvallar skilaði áfram tapi og hækkaði m.a. vegna aukins kostnaðar við endurnýjun leikflatar Laugardalsvallar með nýju hybrid grasi. KSÍ vinnur nú að nýjum rekstrar- og þjónustusamningi við Reykjavíkurborg á vettvangi Þjóðarleikvangs ehf og bindur KSÍ vonir við nýjan og endurbættan samning sem tekur mið af breyttum rekstrarforsendum Laugardalsvallar með tilkomu nýs hybrid gras með undirhita, sem og aukins rekstrarkostnaðar á framkvæmdatíma.
- Þá var úthlutað til aðildarfélaga um 107 m.kr., auk framlags frá UEFA fyrir Club Youth Development.
- Rekstrarniðurstaða Knattspyrnusambands Íslands á árinu 2025 eftir greiðslur til aðildarfélaga er því hagnaður sem nemur kr. 32.629.666